

Fjölbrautarskóli Snæfellinga
Fundargerð 32. fundur skólanefndar
17. apríl 2007

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eypór Benediktsson, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Una Ýr Jörundsdóttir áheyrnafulltrúi kennara og Sólberg Ásgeirsson sem ritaði fundargerð.

1.Fundur settur

Kjartan Páll setur fundinn og biður alla velkomna.

2.Val fyrir haustönn 2007 – áætlun um nemendafjölda

Guðbjörg fer yfir hvernig nemendatölur eru í dag og hvernig þær stefna í að verða í haust. Í dag eru 151 ársnemendur og vonast er að í haust verða 203 ársnemendur í haust með Vestfjarðarkrökkunum. Spurt var um hvort að fleiri áfangar verða í boði fyrir nemendur á fyrsta ári. Guðbjörg segir að það eigi eftir að athuga það. Guðbjörg spyr hvort að skólinn eigi að taka skrefið að því að skólinn verði einn af fjarnámsskólum. Hún vill endilega skólinn fari að feta sig að því markmiði. Allir í skólanefndinni eru sammála því að ef í annað borð á að fara í þetta þá þarf að gera það vel og vandlega.

3. Fjármál – staða eftir þrjú fyrstu mánuði 2007

Heildarframlag til skólans á fyrstu þrem mánuðum ársins er rúmlega 37 milljónir og er skólinn í plús eftir það, um sem nemur rúmlega 500 þús.

4.Viðhorfskönnun meðal nemenda

Lagðar hafa verið fram viðhorfskannanir á meðal nemenda með jöfnu milli bili frá því að skólinn starfaði. Hér verður farið lauslega yfir helstu niðurstöður.

- Rúmlega 80% nemenda líkar vel við blöndu af föstum tímum og verkefnatímum
- Tæplega 60% nemenda fara 3 sinnum eða oftar í verkefnatíma í viku
- 65% nemenda líkar vel við að hafa kennslu í opnum rýmum
- Rúmlega helmingur nemenda vinna meirihlutann af heimanámi í skólanum
- 85% nemenda telja að aðstaða til náms er mjög góð í skólanum
- Tæplega 90% nemenda líður vel í skólanum
- 90% nemenda eru ánægð að vera í FSN
- Rúmlega 80% nemenda finnast félagslífið er gott
- 90% nemenda finnast kennslan í skólanum góð
- 90% nemenda segjast vinna vel og reyni að ná góðum árangri í náminu

Allir skólanefndarmenn lýsa ánægju sinni með starfs skólans þar sem margir þættir eru alltaf að bæta sig frá ári til árs.

5. Önnur mál

Sigríður Finsen var að velta kynningarmálum fyrir sig, hvort að ekki megi setja fram að skólinn okkar er frumkvöðlaskóli sem er að gera margar nýjungar í kennslu. Einnig segja frá því að framhaldsdeildin á Vestfjörðum er komin undan okkar rifjum.

Einnig spyr Sigríður um starfsmannamál. Guðbjörg nefnir að hún er búin að auglýsa í Morgunblaðinu og einnig á Starfatorginu. Og auglýsingar munu birtast í bæjarblöðunum hér í vikunni. Umsóknarfrestur rennur út 30.apríl og þá kemur í ljós að hvort að þurfi að auglýsa aftur.

Guðbjörg fer yfir brottfall innan anna. Brottfall á haustönn 2006 var mjög gott eða 7,28 því að inn í þeirri tölu eru óreglulegir nemendur.

Kjartan spyr um úttektarfólkið. Guðbjörg svarar að þetta hafi gengið mjög vel, annar úttektaraðilinn nefnir að fleiri ættu að vita af því góða starfi sem fer fram hér.

Guðbjörg nefnir að það eru alltaf ákveðinn hópur nemenda sem eru til vandræða. Þá kom uppástunga að búa til áfanga sem er kynning að smíðum, rafmagni og málmum. Því að það er ný smíðastofa upp í grunnskóla og síðan vill skólinn láta breyta kjallaranum til að hægt verði að kenna þar.

Næsti skólanefndarfundur verður haldinn í upphafi haustannar nema eitthvað annað komi upp.

Meira ekki gert og fundi slitið.